

3.tbl.

2. feb. 2022

29 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



**Undirbúningsstjórn um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar boðar til íbúafundar um stöðu, stefnu og tækifæri í sameinuðu sveitarfélagi miðvikudaginn 9. febrúar kl. 16:30 – 18 í Skjólbrekku, en fundurinn verður einnig sendur út á netinu. Sérstakur gestur fundarins verður Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála.**

## Erindi:

- Stuð og stefna: Arnór Benónýsson – oddviti Þingeyjar-sveitar
- Sveitarfélög til framtíðar: Sigurður Ingi Jóhannsson – innviðaráðherra
- Hvað á barnið að heita: Róbert Ragnars – RR ráðgjöf
- Nýja stjórnarskráin: Tryggvi Þórhallsson – lögmaður sameinaðs sveitarfélags
- Tækifæri í sameinuðu sveitarfélagi: Helgi Héðinsson – oddviti Skútustaðahrepps
- Menntasókn í Norðri: Krístrún Birgisdóttir – eigandi og framkvæmdastjóri Ásgarðs
- Nýsköpun í Norðri: Sveinn Margeirsson – sveitarstjóri Skútustaðahrepps
- Gaman í Gíg: Anna Þorsteinsdóttir – Þjóðgarðsvörður



## Fundargerð

**313. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Félagsheimilinu Breiðumýri, fimmtudaginn 27. janúar 2022, kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Jóna Björg Hlödversdóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Freydís Anna Ingvarsdóttir, Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson og Dagbjört Jónsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri. Dagskrá:

**1. Skipulags- og umhverfisnefnd: Fundargerð - 1804018**

Lögð fram fundargerð 144. fundar Skipulags- og umhverfisnefndar frá 20.01.2022. Ásvaldur Ævar gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sex liðum.

4. liður fundargerðar; Hróarsstaðir, lóðastofnanir - 2201008

*Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og felur byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna þeirra eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.*

5. liður fundargerðar; Skógar í Fnjóskadal, beiðni um breytingu á aðalskipulagi - 2201012

*Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulags- og umhverfisnefndar um að hafin verði vinna við breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022, sem felur í sér að landnotkun frístundabyggðarinnar Skógahlíð vestan Illugastaðavegar verði breytt í íbúðarbyggð. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að hefja breytingu á aðalskipulagi í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Fundargerðin staðfest að öðru leyti.*

**2. Sundlaugin á Laugum: Framkvæmdir - 2201006**

Tekin til umræðu endurnýjun á sundlaugardúk í Sundlauginni á Laugum sem er kominn á tíma. Fyrir liggur tilboð og kostnaðaráætlun vegna endurnýjunar að upphæð 11 millj.kr.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ganga til samninga við Fagråd ehf. á grundvelli fyrirliggjandi tilboðs.*

**3. Saga urriðaveiða í Laxárdal og Mývatnssveit: Beiðni um styrk - 2201018**

Lagt fram erindi frá Jóni Aðalsteini Þorgeirssyni f.h. ritnefndar um verkefnið; Laxá í Þing. - Saga urriðaveiða í Laxárdal og Mývatnssveit, dags.

17.01.2022 þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð allt að 1,5 millj.kr.

*Sveitarstjórn frestar afgreiðslu erindisins.*

**4. Undirbúningsstjórn vegna sameiningar: Fundargerð - 2109007**

Fundargerð 5. fundar undirbúningsstjórnar sameiningar.

*Lögð fram til kynningar.*

**5. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð - 1804006**

Fundargerð 905. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Lögð fram til kynningar.*

**6. Vatnajökulspjóðgarður: Fundargerðir - 1810004**

Fundargerð 86. fundar svæðisráðs norðursvæðis VJÞ og 100. fundar svæðisráðs vestursvæðis VJÞ.

*Lagðar fram til kynningar.*

**7. Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE): Fundargerð - 2002017**

Fundargerð 33. fundar stjórnar SSNE.

*Lögð fram til kynningar.*

Fundi slitið kl. 14:45.

## **Opið hús aldraðra í Þingeyjarsveit.**

Nú er okkur ekkert að vanbúnaði að opna hús að nýju eftir að fjöldatakmörkanir hafa verið rýmkaðar í 50 manns.

Höldum okkur við þriðjudaga og verðum í félagsheimilinu á Breiðumýri fyrst um sinn eða þangað til annað verður ákveðið.

Fyrsta samvera á nýju ári verður í félagsheimilinu Breiðumýri 8. febrúar klukkan eitt að venju (kl.13:00) og hefst á hádegismat sem kostar nú 800 kr.

Önnur dagskrá byrjar svo um kl. 13:45.

Mikilvægt er að láta vita fyrir hádegi daginn áður ef fólk vill hádegismat. Pantanir þurfa þannig að berast í mötuneyti Þingeyjarskóla í síma 464-3583 fyrir hádegi á mánudegi.

Allir 60 ára og eldri eru hjartanlega velkomnir.

Umsjónarmenn.

**Kæru lesendur. Athugið þessi pistill átti að birtast í síðustu viku, þannig að aðstæður tengdar Covid eilítið breyttar síðan þá.**

## Kveðja frá sóknarpresti Laufásprestakalls

Komið öll sæl og blessuð kæru vinir, og gleðilegt ár!

Ekki varð neitt af hefðbundnu helgihaldi um jól og áramót eins og þið vitið, og er það vissulega undarleg staða að hafa verið sóknarprestur ykkar nú í 2 ár, en hafa hvorki getað messað á jólum eða páskum - ja, eða bara varla messað hefðbundna messu í þessi 2 ár!

Þolgæði er dygð segja þeir, og er ekki annað hægt að segja en að við séum orðin býsna flink í því að iðka þessa dygð.

Enn ert það svo að allt helgihald og allt safnaðarstarf liggur niðri vegna Covid19, en ég bind auðvitað miklar vonir við það að fá að messa páskamessur hjá ykkur. Hvort það verði raunin verður bara að koma í ljós með hækkandi sól.

Þangað til að hægt verður að koma á hefðbundnu helgihaldi langar mig að benda ykkur á ýmislegt helgihald sem er í boði á netinu (Facebook) og svo auðvitað útvarpsmessurnar á sunnudögum á RÚV - Rás1.

Ekki hika við að hafa samband við mig ef eitthvað er, eða bara ef ykkur langar að spjalla – mér finnst alltaf gaman að heyra í fólki!

Eins er sjálfsagt að senda mér fyrirbænarefni og mun ég taka þau efni fyrir í bænum mínum.

Munum að vera góð hvert við annað og verum dugleg að iðka okkar persónulegu trú, þótt við komumst ekki til kirkju.

*„Leggið þess vegna alla stund á að sýna í trú ykkar dygð og í dygðinni þekkingu, í þekkingunni sjálfsaga, í sjálfsaganum þogæði, í olgæðinu guðrækni, í guðrækninni bróðurelsku og í bróðurelskunni kærleika.“ 2.Pét 1.5-7*

Bestu kveðjur úr Laufási

Sr.Gunnar Einar Steingrímsson

S: 835-1340 / 463-3106

[gunnar.einar.steingrimsson@kirkjan.is](mailto:gunnar.einar.steingrimsson@kirkjan.is)



HÚSASMÍÐJAN

# Söluskrifstofa á Húsavík

Höfum opnað  
söluskrifstofu okkar  
að Norðurgarði 4.

Verið velkomin

**Afgreiðslutími**

Virka daga: 08:00 - 12:00

Jón Þormóðsson, söluráðgjafi  
tekur vel á móti ykkur

Jón Þormóðsson, söluráðgjafi: 664 3659  
Netfang: [nonnith@husa.is](mailto:nonnith@husa.is)

## Veistu hvað þú ert að setja ofan í þig og á?

Föstudaginn næstkomandi, 4. febrúar, kemur Una Emilsdóttir læknir og eiturefna aðgerðasinni og heldur fyrirlestur í Skjólbrekku. Fyrirlesturinn hefst kl. 16.



Í ljósi þess að loks gefst færi á samverustund þjóðum við í vöflukaffi kl. 15 þar sem við komum saman og ræðum málefni sveitarfélagsins, en svo byrjar fyrirlesturinn kl. 16. Kjörnir fulltrúar verða á staðnum og að sjálfsögðu eru öll hjartanlega velkomin.

Una Emilsdóttir er almennur læknir, menntuð í Kaupmannahöfn. Að loknu námi starfaði hún á taugadeild og geðdeild í Kaupmannahöfn, og síðastliðin ár á Landspítalanum og á heilsugæslu. Á námsárum sínum hreifst hún af faginu „umhverfislæknisfræði“ (e. environmental and occupational medicine). Þar er fjallað um eiturefni í nærumhverfi, matvælum, snyrtivörum o.fl., en slík efni geta haft verulega mikið að segja fyrir heilsu manna. Hún mun fjalla um mörg þessara efna, sem oftast nær eru falin og óþekkt neytendum, og tengingu þeirra við langvinna sjúkdóma. Einnig verður mikilvægi ónæmiskerfisins og þarmaflórunnar rætt svo eitthvað sé nefnt. Hún segir að hver og einn geti tekið ábyrga afstöðu varðandi mataræði og nærumhverfi og vill koma leiðbeiningum áleiðis til áhugasamra. Una hefur haldið fyrirlestra af þessu tagi frá árinu 2015 við góðar undirtektir, verið gestahöfundur í bókinni “Máttur Matarins” sem kom út árið 2016, verið viðmælandi í hláðvörpum og útvarpi og þar að auki skrifað greinar fyrir Læknablaðið, Nettóblaðið, Morgunblaðið ofl.

Fyrirlesturinn er hluti af hamingjuverkefni Skútustaðahrepps og því er frítt inn.

Sjáumst hress og kát!



## Þorrablót Fnjóskdæla



Áður en þríeykið afnemur allar sóttvarnareglur ætlum við að drífa í því að aflýsa þorrablótí Fnjóskdæla 2022.  
Algjörlega óvænt!

Við gerum enn eina tilraun til að halda blót að ári, liggjum áfram á hleri og fylgjumst vel með ykkur öllum.  
Við hvetjum Fnjóskdælinga til að hittast í sinni þorrakúlu, borða góðan þorramat saman og syngja nokkur lög.

Bestu kveðjur  
Nefndin

**p.s. Takið 28. janúar 2023 frá en þá höfum við bókað hljómsveit fyrir þorrablót Fnjóskdæla 2023!**

## Messa í Þorgeirskirkju

Sunnudaginn 6. febrúar kl. 14:00

Sameiginleg fjölskyldumessa fyrir  
Lundarbrekku-, Ljósavatns- og Hálssóknir.

Hittums og hlýðum á Guðs orð og syngjum saman.

Allir velkomnir

Sr Gunnar Einar Steingrímsson



## HSP auglýsir eftir verkefnastjóra

Héraðssamband Þingeyinga auglýsir eftir áhugasömum einstakling í tímabundið hlutastarf. Um sveigjanlegt starfshlutfall er að ræða sem og starfsstöð viðkomandi.

Meðal verkefna sem þarf að sinna eru hefðbundin verkefni varðandi ársþing sambandsins, samskipti við aðildarfélög, heimasíðu sambandsins ásamt fleiru sem stjórn sambandsins felur viðkomandi. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi góð tök á íslensku, góða tölvukunnáttu og sé jákvæður og lipur í samskiptum. Áhugasömum er bent á að senda inn greinargóða umsókn ásamt ferilskrá á netfangið [hsth@hsth.is](mailto:hsth@hsth.is).

Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar n.k.

Nánari upplýsingar veitir Gunnhildur Hinriksdóttir, framkvæmdastjóri HSP á sama netfang eða í síma 896-3107.

## Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins, Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

### Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing kr. 3.990– m.vsk  
heilsíðuauglýsing kr. 5.500.m vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386. Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir  
s. 8953386